

Orri Hauksson
Ávarp á aðalfundi NSA á Grand Hótel
24. maí 2012

Í næstu viku verða fimmtán ár síðan lög voru sett um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Þar voru settir saman nokkrir sjóðir atvinnulífsins, þ.e. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður. Afraksturinn varð Fjárfestingarbanki atvinnulífsins annars vegar og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hins vegar, sem hófu báðir rekstur 1. janúar 1998. NSA skyldi vera sjálfstæður áhættufjárfestir sem leitaði að arðsömum nýsköpunarverkefnum og ávaxtaði sjálfan sig til langs tíma, með hagnaði af útgöngu úr slíkum fyrirtækjum. Málamiðlun náðist um að sjóðurinn skyldi vistaður hjá hinu opinbera, en meirhluti stjórnar skyldi tilnefndur af atvinnulífinu, bakhjörllum gömlu sjóðanna. Ekki var ætlunin að NSA greiddi ríkinu eða sínum gömlu bakhjörllum arð, heldur skyldi hann eflast og stækka á eigin forsendum.

Þetta fyrirkomulag var ekki það eina sem kom til greina eða hafið yfir gagnrýni. Ekki er heldur víst að það verði í óbreyttu formi til eilífðarnóns. Sjóðurinn hefur þó staðist tímans tönn að því leyti að hann hefur komist gegnum tvær djúpar kreppur. Fyrst í kjölfar tæknibólunnar sem sprakk árið 2000 og svo nú í kjölfar lána- og bankabólunnar sem lak hratt úr árin 2007/8 og er kannski enn að tæmast í ýmsum nágrannalöndum okkar. Sl. fimmtán ár hefur urmull fjárfesta og fjármálastofnana týnt tölunni.

NSA hefur fjárfest í um 500 fyrirtækjum frá því hann varð til. Mörg þeirra hafa að litlu orðið, en ýmis verkefni hafa útskrifast úr nýsköpunarskólanum með ágætiseinkunn. Þau leggja nú sitt af mörkum til verðmætasköpunar, án þess að stuðnings NSA þurfi frekar við eða að hann muni koma meira við sögu.

Þannig á það einmitt að vera. NSA er núna, til skamms tíma, nokkuð vel í stakk búinn til að taka þátt í nýjum verkefnum. Svo væri ekki nema vegna þess að hann hefur einmitt losað hlut sinn í fyrirtækjum, þar sem hlutverki sjóðsins er lokið. Til lengri tíma þarf hins vegar að laða aukið fé inn í þetta fjárfestingarrými.

Fjárfestingar í frumkvöðlastarfi eru hreint ekki skammvinnar né lausar við áhættu. Því er erfiðasta en mikilvægasta einstaka viðfangsefnið ávallt það, að komast út úr fjárfestingum, vonandi með sem mestum hagnaði. Þegar nýir fjárfestar kaupa sig inn í vaxandi fyrirtæki, á verði sem er talsvert hærra, en áður var keypt fyrir, sýnir það að nýsköpunarferlið var ekki bara til fyrir sjálft sig, heldur að verið var að skapa verðmæti í leiðinni.

NSA sérhæfir sig í þátttöku í sprotaverkefnum sem eru skammt á veg komin. Á þessu klakstigi fyrirtækjanna, sem svo er kallað, eru fjölmargar hættur sem nýir frumkvöðlar og jafnvel vanir frumkvöðlar eiga erfitt með að sjá fyrir. Einmitt á þessum stað í ferlinu hefur starfsfólk NSA mest fram að færa, með stjórnarsetu sinni og annarri liðveislu. Reynsla af öðrum verkefnum skilar sér þá með þeim skipulögðu ferlum sem starfsmenn sjóðsins vinna eftir og sem þróuð hafa verið gegnum árin, sífellt endurbætt með fenginni reynslu NSA sjálfs og með tilliti til erlendra vinnubragða.

Hlutverki NSA lýkur þegar tilteknum stað í þróunarferli verkefnanna er náð. Þá er grundvallaratriði að NSA selji hlut sinn og nýti afraksturinn í nýju verkefni, aftur á þeim stað í ferlinu þar sem NSA nýtur best við. Fjárfestingar NSA laða einnig aðra fjárfesta til leiks. Aðferðafræðin sem sjóðurinn vinnur eftir þykir nú tryggja vissan gæðastimpil í verkefnum, að öðrum þykir óhætt að vera með.

Hér á eftir verður kynnt rekstrarniðurstaða NSA fyrir árið 2011 og sýnir hún hundraða milljóna króna tap. Það er óásættanleg niðurstaða. Væri sú raunin til langs tíma mundi NSA takast að leggja sjálfan sig niður hjálparlaust. Nú þegar komið er fram undir mitt ár

2012 má hins vegar slá því föstu að í ár verði hundraða milljóna króna hagnaður af sjóðnum. Í framtakssjóðum eins og þessum skiptir mestu að til langs tíma sé væn ávöxtun af fjárfestingunum í heild, óháð niðurstöðu einstakra tímabila eða einstakra verkefna. Þess vegna eru flestir sjóðir af þessari tegund gerðir upp yfir sjö til tíu ára tímabil.

Hluti af neikvæðri niðurstöðu ársins í fyrra kemur til af tapsölu NSA út úr stóru einstöku verkefni sem löngu hafði skapað mikla áhættu fyrir sjóðinn. Tapið sem kemur á bækurnar endurspeglar fyrst og fremst nokkurra ára gamlar væntingar til þess verkefnis og samanburð við raunveruleikann í dag. NSA stendur styrkari stoðum eftir að hafa komið sér í var úr þeirri stöðu, þótt útgangan skilji eftir sig rautt blek.

Á undanförnum misserum hefur NSA selt útlendingum hluti sína í nokkrum fyrirtækjum. Að hlutverki sínu loknu á NSA að losa hlut sinn í hendur fjárfesta, sem geta skilað viðkomandi félögum fram á veg, í samvinnu við stjórnendur og frumkvöðla fyrirtækjanna. NSA stefnir ekki sérstaklega að því að selja útlendingum fremur en Íslendingum. NSA vill fyrst og fremst selja hluti á sem hæstu verði, koma fyrirtækinu í áframhaldandi þróunarferli og að breytingin verði helst gerð í góðri sátt við aðra hluthafa og stjórnendur. Þegar útlendingar hafa keypt bréf af NSA, hefur NSA lagt áherslu á að sem mest starfsemi verði áfram hér á landi, að minnsta kosti um stundarsakir.

Slík viðskipti við útlendinga hafa mætt gagnrýni á köflum. Ég tel að við eigum ekki að ala með okkur beyg af útlendingum eða líta þannig á að með því að selja útlendingum hlutabréf missum við fyrirtækin úr landi. Þvert á móti er það einmitt skortur á erlendri fjárfestingu sem hefur hrjáð íslenskt atvinnulíf um langa hríð.

Erlend fjárfesting er ekki bara andlitslausir peningar sem koma að utan. Yfirleitt fylgir slíkri fjárfestingu fólk af holdi og blóði, sem sest í stjórn eða greiðir með öðrum hætti fyrir framgangi fyrirtækis, gegnum ný tengsl og kannski með annarri þekkingu en fyrir var. Í ýmsum tilvikum geta útlendingar greitt hæst verð fyrir hluti í vaxandi íslenskum hugverkafyrirtækjum, einmitt vegna þess að viðkomandi fyrirtæki verður að mestum verðmætum með þeirra þátttöku. Aukinn aðgangur að erlendum mörkuðum, er dæmigert virði sem fylgir erlendri fjárfestingu. Það er einmitt sala á erlenda markaði sem oftast er stærsti hjallurinn í þroskaferli íslenskra tæknifyrirtækja.

Forsendur fyrir því að starfsemi þessara fyrirtækja haldist hér á landi eru blómleg starfsskilyrði á Íslandi. NSA vinnur ekki í tómarúmi og sjóðinn á ekki að hugsa um einhvers konar víglínu, sem heldur eignarhaldinu í landinu. Nægar hindranir eru í vegi íslenskra sprotafyrirtækja, landfræðilegar og manngerðar, þótt ekki bætist við útlendingafælni við sölu hlutabréfa í þeim. Menntakerfið, vísindasamfélagið, skattkerfið, framkvæmd útlendingalaga og gjaldeyrislaga eru mikilvægustu þættirnir til að bæta, þegar litið er úr lofti á umhverfi nýsköpunar á Íslandi. Samkeppnissjóðir eins og Tækniþróunarsjóður, vaxtarsjóðir eins og Frumtak, skráningarmöguleikar eins og First North og tilvist fjárfestignarengla og annarra mögulegra þátttakenda í fjármögnun frumkvöðlastarfs, eru hin praktísku verkefni sem ákvarða hvort hér verður gott að afla fjár til nýrra verkefna, þroska þau og skapa verðmæti.

Fyrst og síðast eru það frumkvöðlarnir sjálfir sem þarf að rækta. Það er ekki nóg að ráða góðan þjálfara, byggja stóra stúku og vökva leikvöllinn, ef engir leikmenn koma inn á og spila. Að mínu mati er stærsta ógnunin sú á hvaða leið hugarfarið og menningin er, nú eftir efnahagssviptingar undanfarinna ára. Stemningin í landinu þarf að laða fram djörfung og dug. Hún má alls ekki verða sú, að athafnafólki megi alls ekki mistakast, og að það megi enn síður hagnast.